



Árlegt framvindumat - ARCP

Árlegt framvindumat er formlegt og skipulagt mat á frammistöðu sérnámslæknis og kallast í daglegu tali ARCP (*Annual Review of Competency Progression*). Tilgangur framvindumatsins er að meta hvort sérnámslæknir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í sérnámi í lyflækningum. Metið er hvort sérnámslæknir sé tilbúinn að færast á næsta námsár/útskrifast úr sérnámi eða hvort þörf sé á viðbótartíma í námi. Allir sérnámslæknar fara í gegnum framvindumat a.m.k. árlega.

ARCP fer fram þrisvar á ári (febrúar, júní og nóvember) og er reynt að skipuleggja framvindumatið sem næst, og helst fyrir, áætluð áraskipti hjá hverjum og einum.

Framvindumatið fer þannig fram að sett er saman nefnd sem metur sérnámslækninn miðað við ákvörðunartól (*ARCP decision aid*) og hæfniviðmið (*Capabilities in practice*) sérnámsins. Skýrsla sérnámshandleiðara er lykilskjál í þessu mati en einnig er farið yfir skráningu í ePortfolio, skjöl sem sérnámslæknir hefur hlaðið inn í ePortfolio, mætingu í kennslu og fleira.

Að loknu mati fær sérnámslæknirinn ákveðna útkomu sem getur verið eftirfarandi:

- 1 (*Ásættanlegur framgangur – hefur staðist hæfniskröfur og heldur áfram í námi*)
- 2 (*Þörf á frekari vinnu að ákveðnum hæfniskröfum. Krefst ekki viðbótartíma í námi*)
- 3 (*Ófullnægjandi framgangur – þörf á viðbótartíma í námi*)
- 4 (*Námslæknir leystur úr prógrammi með eða án upplýsinga um árangur*)
- 5 (*Sýnt fram á ófullnægjandi upplýsingar – hugsanleg þörf á viðbótartíma í námi*)
- 6 (*Hefur lokið námi og náð öllum færni- og þekkingarkröfum samkvæmt marklýsingu*)

Sú útkoma sem námslæknir fær í ARCP ræður því framgangi í sérnáminu.

Í kjölfar framvindumatsins er fær sérnámslæknir upplýsingar um niðurstöðurnar frá kennslustjóra. Þeir námslæknar sem fá útkomu 3, 4 eða 5 eru boðaðir á fund eða haft samband símleiðis til að fara yfir niðurstöðuna og næstu skref. Þeir sem fá niðurstöðu 1 eða 2 mega búast við að fá tölvupóst. Þegar gefin er niðurstaða 6 er haft samband símleiðis. Niðurstöður framvindumatsins eru skráðar í sérstakt eyðublað í ePortfolio af kennslustjóra.